

Starfsáætlun Lýðskólans á Flateyri fyrir veturinn 2026-2027

Starfsárið 2026–2027 byggir á grunni reynslu síðustu ára og áframhaldandi þróun skólans sem skapandi og samfélagslega meðvitaðs námsumhverfis.

Áhersla verður lögð á gæði kennslu, virkt samtal við nemendur og stöðuga endurskoðun námsins. Við vinnum að því að bæta aðstöðu og tækjakost, efla sjálfbærni og móta umhverfisstefnu skólans. Sérstök áhersla verður lögð á samstarf – bæði við nemendur, samfélagið á Flateyri og innlenda og erlenda samstarfsaðila.

Starfsáætlunin endurspeglar metnað skólans til að skapa nærandi, ögrandi og gleðilegt námsumhverfi þar sem hver og einn getur þroskast á eigin forsendum – í námi, samskiptum og lífinu sjálfu.

Tvær námsbrautir eru kenndar við skólann, Hugmyndarbraut og Lífið á norðurslóðum (útivistarbraut). Markmiðið er að taka inn 12 nemendur á hvora braut fyrir skólaárið 2026-2027. Kennt verður í lotum, alla virka daga, hver lota eða námskeið er 1-2 vikur.

Lykildagsetningar skólaársins eru:

Haustönn 2025

Fyrsti skóladagur haustannar: 7. september 2026

Formleg skólasetning: 12. september 2026

Haustfrí: 26.-30. október 2026

Jólafrí: 11. desember 2026 – 5. janúar 2027

Vorönn 2026

Fyrsti skóladagur vorannar: 5. janúar 2027

Vetrarfrí: 17.-19. febrúar 2027

Páskafrí: 22. mars- 30. mars 2027

Skólaslit og útskrift: 30. apríl 2027

Starfsmarkmið fyrir skólaárið 2025 - 2026:

- Endurskoðun námsbrauta: báðar námsbrautir eru í stöðugri endurskoðun og byggir sú vinna fyrst og fremst á mati nemenda og þeirra upplifun á námskeiðum.
- Koma skólanum fyrir í nýju húsnæði og þróa það áfram með nemendum og kennurum. Þetta verður stærsta verkefni næsta vetrar.
- Bæta tækjabúnað m.a. með að safna styrkjum fyrir vetrartjöldum og búkkum.
- Móta umhverfisstefnu fyrir Lýðskólann á Flateyri, í samstarfi við stjórn skólans, nemendur og kennara.
- Halda vinnufund með stjórn skólans um framtíð skólans og stefnu hans.
- Taka á móti nemendum hópum frá lýðskólum í Noregi og Finnlandi og fara með okkar nemendahópa í heimsókn til þeirra. Þetta hefur aldrei verið gert áður og er gert núna með styrkjum frá Nordplus. Vonast er eftir að efla tengsl þessara skóla enn frekar.

Gæðamál

- Gæðamat nemenda: nemendur skila inn kennslumati fyrir hvert námskeið.
- Gæðamat kennara: kennarar skila inn sjálfsmati þar sem þeir fara yfir námskeiðið í heild sinni og sitt framlag og framlag skólans í þeim tilgangi að bæta gæði námskeiðsins og aðkomu skólans.
- Búið er að endurskoðun viðmið og reglur og mun næsti vetur fara í að koma þeim áleiðs og fara eftir þeim.
- Eineltsáætlun: yfirfara áætlunina og uppfæra með reynslu fyrstu starfsáranna í huga.
- Sækja um styrki til að efla rannsóknir á starfi skólans m.a áhrif skólans á nemendur og áhrif skólans á samfélagið á Flateyri. Leitast eftir samstarfi við Byggðastofnun og háskólasamfélagið. Búið er að koma á samtali við starfsfólk Háskóla Íslands en ekki náðist að sækja um styrki vegna anna þeirra. Reynt verður aftur í vetur.
- Auka innri skoðun og ígrundun nemenda, með dagbókarskrifum, reglulegum fundum og viðtölum.
- Bæta morgunfundi með uppátækjum líkt og söng, dans og hreyfingu.

- Halda áfram að bæta upplýsingargjöf til nemenda um námskeiðin.
- Bæta upplýsingagjöf til kennara, um nemendur.
- Fá sjálfboðaliða frá AFS sem mun hafa það hlutverk að aðstoða við morgunverð og morgunverðafundi, auka viðburðahald skólans og finna leiðir til að auka enn frekar virkni nemenda, í samstarfi við nemendur, eftir að skóladeginum lýkur og um helgar.

Kynningarmál

- Samstarf við AFS er hafið þar sem AFS er m.a að senda sjálfboðaliða til Lýðskólans á Flateyri. Ekki hefur verið hægt að taka á móti nemendum í gegnum AFS vegna tryggingarmála.
- Heimasíðan og samfélagsmiðlar: vinna þarf að endurbótum á heimasíðu skólans með meira af efni frá skólastarfinu og reynslusögum nemenda og kennara, á íslensku og ensku, ásamt því að setja upp betri upplýsingar fyrir áhugasama á ensku og íslensku.
- Inntaka nemenda: tekin verða einstaklingsviðtöl við nemendur sem miða að því að fá fram þeirra upplifun á inntökufelrinu.
- Komið er á samtal á milli Lýðskólans á Flateyri, LUNGA á Seyðisfirði og Hústjórnunarskóla Reykjavíkur. Stefnt er af því að halda árlegan fund á meðal stjórnenda skólanna.